

Skýrsla til kirkjuþings um fasteignamál þjóðkirkjunnar.

(Lagt fram á 62. kirkjuþingi 2021-2022).

Lagt fram af Gísli Gunnarssyni, Stefáni Magnússyni og

Þuríði Björgu Wíium Árnadóttur.

Frsm. Gísli Gunnarsson.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Staðan í dag.....	2
Suðurprófastsdæmi.....	2
Kjalanesprófastsdæmi	2
Vesturlandsprófastsdæmi.....	2
Vestfjarðaprófastsdæmi	2
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.....	2
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.....	3
Austurlandsprófastsdæmi	3
Reykjavíkurprófastsdæmi vestra	3
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra	3
Öll prófastsdæmi.....	3
Breytingar á fjölda prestssetra.....	3
Ábendingar varðandi nánari útfærslu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar	3

Inngangur

Á 60. kirkjuþingi var lögð fram tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps til mótunar stefnu varðandi nánari útfærslu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar. Tillagan var flutt af fjárhagsnefnd og var sr. Gísli Gunnarsson framsögumaður hennar. Í greinargerð kemur fram að brýnt sé að mótuð sé stefna um það hvaða fasteignir skuli vera áfram í eigu kirkjunnar og hvaða eignir megi hugsanlega selja.

Tillagan var samþykkt á kirkjuþingi og var starfshópur skipaður undir forystu sr. Gísla Gunnarsson, en auk hans voru í hópnum Stefán Magnússon og sr. Þuríður Björg Wíium Árnadóttir. Starfsmaður hóspsins var Ásta Guðrún Beck frá fasteignasviði kirkjuráðs.

Hópurinn hélt 8 fundi og er skýrsla þessi afrakstur vinnunnar.

Staðan í dag

Í eftirfarandi upptalningu á prestssetrum er byggt á starfsreglum um skipan kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 en skv. þeim eru skylt að leggja til prestssetur á 42 stöðum en nú búa 47 prestar í húsnæði á vegum þjóðkirkjunnar og greiða leigu fyrir skv. 21. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/ 2009.

Suðurprófastsdæmi

Í Suðurprófastsdæmi eru nú 8 prestssetur auk Skálholts. Prestssetursjarðir eru Fellsmúli, Hruni, Oddi og Breiðabólstaður. Önnur prestssetur eru Hólagata 42 og Smáragata 6 í Vestmannaeyjum, Ránarbraut 7 í Vík og Klausturvegur á Kirkjubæjarklaustri. Aðrar eignir eru jarðirnar Voli og Mosfell í Grímsnesi, auk lóða sem leigðar hafa verið út úr jörðunum.

Kjalanesprófastsdæmi

Í Kjalanesprófastsdæmi er nú eitt prestssetur, prestssetursjörðin Reynivellir. Aðrar eignir er jörðin Mosfell í Mosfellsdal, auk stakra lóða sem leigðar hafa verið úr henni.

Vesturlandsprófastsdæmi

Í Vesturlandsprófastsdæmi eru nú 7 prestssetur. Prestssetursjarðirnar eru Borg á Mýrum, Reykholt, Stafholt og Staðastaður. Önnur prestssetur eru Eyrarvegur 26 Grundarfirði, Lágholt 9 í Stykkishólmi, Lindarholt 8 Ólafsvík og Sunnubraut 25 í Búðardal. Aðrar eignir er jörðin Saurbær í Hvalfjarðarsveit, auk fjölda lóða sem leigðar hafa verið úr Reykholti og Saurbæ.

Vestfjarðarprófastsdæmi

Í Vestfjarðarprófastsdæmi eru nú 6 prestssetur. Þar af er ein prestssetursjörð, Holt í Önundarfirði, sem þó er ekki setin presti eins og er. Önnur prestssetur eru Aðalstræti 40 á Þingeyri, Aðalstræti 57 á Patreksfirði, Hellisbraut 4 á Reykhólum, Kópnesbraut 17 á Hólmavík og Völusteinsstræti 16 í Bolungarvík. Aðrar eignir eru jarðirnar Vatnsfjörður og Árnes 1 á Ströndum, Miðtún 12 á Ísafirði auk lóða sem leigðar hafa verið úr jörðunum.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi eru nú 5 prestssetur. Prestssetursjarðir eru Glaumbær, Melstaður og Miklibær. Önnur prestssetur eru Hólabraut 30 Skagaströnd og Hvammstangabraut 21, sem þó er ekki setið presti. Prestssetur á Hofsósi hefur verið selt. Aðrar eignir eru Hólar/biskupssetur, jörðin Mælifell, Löngumýrarskóli og Prestsbakki 2 (lóð sem haldið var eftir við sölu á prestssetursjörðinni Prestsbakka), auk lóða sem leigðar hafa verið úr jörðunum.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi eru nú 8 prestssetur. Prestssetursjarðir eru Möðruvellir 1, Skinnastaður, Skútustaðir 1, Grenjaðarstaður og Laufás. Önnur prestssetur eru Hvanneyrarbraut 45 Siglufirði, Hlíðarvegur 42 Ólafsfirði og Sunnuvegur 4 á Þórshöfn. Aðrar eignir eru jarðirnar Háls í Fnjóskadal og Syðra-Laugaland (ásamt Brúnum úr Syðra-Laugalandi), Dalbraut 2 á Dalvík, auk lóða sem leigðar hafa verið úr jörðunum.

Austurlandsprófastsdæmi

Í Austurlandsprófastsdæmi eru nú 5 prestssetur. Prestssetursjörð er jörðin Heydalir. Önnur prestssetur eru Hamrahlíð 12 Vopnafirði, Króksholt 1 Fáskrúðsfirði, Öldugata 2 Seyðisfirði og Steinar 1 á Djúpavogi. Aðrar eignir eru jarðirnar Hof, Desjarmýri, Skeggjastaðir og Valþjófsstaður (1 og 2), auk lóða sem leigðar hafa verið úr jörðunum.

Reykjavíkprófastsdæmi vestra

Í Reykjavíkprófastsdæmi vestra er ekkert prestssetur. Eignir eru Bergstaðastræti 75, aðsetur biskups, Hjarðarhagi 30 og Háaleitisbraut 66 (hluti Grensáskirkju).

Reykjavíkprófastsdæmi eystra

Engar eignir eru í Reykjavíkprófastsdæmi eystra.

Öll prófastsdæmi

Jarðir kirkjunnar eru nú 33 talsins, auk Skálholts. Þar af eru 18 jarðir setnar prestum.

Þjóðkirkjan á auk þess 27 fasteignir sem nýttar eru sem íbúðarhúsnæði. Af þeim eru 2 í útleigu til annarra en presta. Þessu til viðbótar eru svo Löngumýrarskóli og húsnæði í Grensáskirkju. Ótaldar eru lóðir úr jörðunum sem flestar eru leigðar á lóðarleigu.

Breytingar á fjölda prestssetra

Töluverðar breytingar hafa orðið á fjölda prestssetra frá því svokallað kirkjujarðasamkomulag var gert. Á árunum 2008-2014 fækkaði prestssetrum um 27, og þar af voru 15 prestssetursjarðir. Frá þeim tíma hafa 14 eignir verið seldar, þar af eru 10 prestssetur, þar af er ein prestssetursjörð (aðrar eignir eru tvær spildur úr Valþjófsstað, Laugavegur 31 og gamli prestsbústaðurinn að Glaumbæ).

Ábendingar varðandi nánari útfærslu á fasteignastefnu

Þjóðkirkjunnar

Upphafsaðkvæði fasteignastefnu þjóðkirkjunnar kveða á um að leggja skuli til fasteignir til þess að styðja þjónustu þjóðkirkjunnar, hlutverk hennar og markmið þar sem nauðsyn krefur og eftir því sem fjárhagur leyfir. Auk þessi eigi þjóðkirkjan að varðveita tilteknar fasteignir þyki sérstök söguleg, menningarleg eða önnur veigamikil rök hníga til þess. Með þessi sjónarmið að leiðarljósi hefur starfshópurinn farið yfir eignasafn þjóðkirkjunnar og metið hvaða eignir sé rétt að varðveita og hvaða eignir sé rétt að selja.

Starfshópurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að horft verði til þess að prestssetrum í þéttbýli verði fækkað þar sem slíkt er hægt vegna aðstæðna á fasteignamarkaði. Horft var til þess að þar sem þéttbýliskjarnar eru með innan við 500 íbúa væri rétt að halda þeim eignum sem þar eru. Búi fleiri en 500 manns í þéttbýliskjarna getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til í eftirfarandi tilvikum:

- Þar sem aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt
- Þar sem staðhættir, til að mynda eftir sameiningar prestakalla, réttlæta slíkt
- Þar sem söguleg eða menningaleg rök þykja mæla með því

Búi færri en 500 manns í þéttbýliskjarna getur kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til prestbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að nálægð sé við við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

Starfshópurinn telur rétt að þjóðkirkjan haldi fremur í prestssetursjarðir heldur en eignir í þéttbýli. Annars vegar vegna þess að land er tryggari fjárfesting en mannvirki, sem kalla stöðugt á viðhald meðan tekjur standa ekki undir kostnaði af rekstri. Hinsvegar telur hópurinn það rétt vegna menningarlegra og sögulegra sjónarmiða varðandi staðina.

Í upptalningunni hér á eftir er ekki fjallað sérstaklega um lóðir úr jörðum þjóðkirkjunnar sem ekki hefur verið skipt út úr jörðunum með landskiptum.

Horft verði til heppilegra tímamóta við sölu á þeim eignum sem ekki er lagt til að verði áfram í eigu þjóðkirkjunnar.

Þær jarðir sem hópurinn telur rétt að þjóni áfram hlutverki sínu sem prestssetursjarðir eru eftirtaldar:

- Borg
- Breiðabólsstaður
- Fellsmúli
- Glaumbær
- Grenjaðarstaður
- Heydalir
- Hof
- Hruni
- Laufás
- Möðruvellir 1
- Oddi
- Reykholt
- Reynivellir
- Skálholt
- Skinnastaður
- Skútustaðir 1
- Staðastaður
- Stafholt

Aðrar jarðir sem hópurinn telur rétt að verði áfram í eigu þjóðkirkjunnar eru eftirtaldar:

- Valþjófsstaður 1 og 2
- Háls
- Melstaður (ásamt Hrótey)
- Mælifell
- Mosfell í Mosfellsdal
- Mosfell í Grímsnesi
- Holt
- Vatnsfjörður
- Saurbær

Aðrar eignir sem hópurinn leggur til að verði áfram í eigu þjóðkirkjunnar eru eftirtaldar:

- Aðalstræti 40, Þingeyri
- Aðalstræti 57, Patreksfirði
- Háaleitisbraut 66 (hluti af Grensáskirkju)
- Hellisbraut 4, Reykhólum
- Hólabraut 30, Skagaströnd
- Hólar/biskupssetur
- Klausturvegur, Kirkjubæjarklaustri
- Löngumýrarskóli
- Ránarbraut 7, Vík
- Steinar 1, Djúpavogi
- Sunnuvegur 4, Þórshöfn
- Sunnubraut 25, Búðardal
- Öldugata 2, Seyðisfirði

Þær jarðir sem lagt er því til að verði seldar eru eftirtaldar:

- Árnes 1
- Desjarmýri
- Kolfreyjustaður
- Miklibær
- Skeggjastaðir
- Syðra-Laugaland og Brúnir (úr Syðra-Laugalandi)
- Voli

Aðrar eignir sem lagt er því til að seldar verði eru eftirtaldar:

- Bergstaðastræti 75, Reykjavík
- Dalbraut 2, Dalvík
- Eyrarvegur 26, Grundarfirði
- Hamrahlíð 12, Vopnafirði
- Hjarðarhagi 30

- Hlíðarvegur 42, Ólafsfirði
- Hólagata 42, Vestmannaeyjum
- Hvammstangabraut 21, Hvammstanga
- Hvanneyrarbraut 45, Siglufirði
- Kópnesbraut 17, Hólmavík
- Króksholt 1, Fáskrúðsfirði
- Lágsholt 9, Stykkishólmi
- Lindarholt 8, Ólafsvík
- Miðtún 12, Ísafirði
- Smáragata 6, Vestmannaeyjum
- Völusteinsstræti 16, Bolungarvík